

# REGLUR ARION BANKA UM FJÁRHAGSLEGA ENDURSKIPULAGNINGU FYRIRTÆKJA

---

## EFNISYFIRLIT

1.	Tílefni, markmið og fyrirvari	3
2.	Hlutverk og skipulag	2
3.	Ferli fjárhagslegrar endurskipulagningar	5
4.	Framkvæmd fjárhagslegrar endurskipulagningar	6
5.	Nánari lýsing á greiningu vanda og úrræðum	9
6.	Aðferðafræði og sjónarmið	12
7.	Sala eigna sem bankinn tekur yfir	13
8.	Eignasýslufélög í eigu bankans	13
	Viðauki I - Meginreglur um samkeppnissjónarmið	15
	Viðauki II - Lundúnaleið (e. The London Approach)	16

## 1. TILEFNI, MARKMIÐ OG FYRIRVARI

### 1.1 Tilefni

Sérstakar aðstæður í efnahagslífinu valda því að fjöldi fyrirtækja er í fjárhagslegum erfiðleikum. Aukið umfang greiðslu erfiðleika hjá fyrirtækjum getur leitt til þess að hefðbundin úrræði réttarfarslaga eigi ekki jafnvel við og ella. Í framhaldi af tilmælum ríkisstjórnar Íslands frá 2. desember 2008 um aðgerðir til að bæta rekstrarumhverfi fyrirtækja voru gefnar út reglur um fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja. Reglurnar voru fyrst gefnar út í janúar 2009 og endurútgefnar í september sama ár. Í framhaldi af gildistöku laga nr. 107/2009 hafa reglurnar enn verið endurskoðaðar og innihalda m.a. sameiginlegar reglur fjármálafyrirtækja um fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja. Þessi útgáfa reglnanna var samþykkt af stjórn bankans þann 6. mars 2010 og af Fjármálaeftirlitinu þann 25. júní 2010.

### 1.2 Markmið

1.2.1 Markmið vinnu við fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja er að hámarka endurheimtur bankans, en höfð er hliðsjón af þeim skilyrðum og sjónarmiðum sem lýst er í reglum þessum og lögum sem um starfsemi bankans gilda. Bankinn stefnir að því að ljúka að mestu vinnu við fjárhagslega endurskipulagningu viðskiptavina sinna fyrir lok ársins 2010.

1.2.2 Markmið reglnanna er að tryggja gegnsæi í ákvarðanatöku bankans, hlutlæga fyrirgreiðslu, stuðla að samræmdri meðferð mála þar sem því verður við komið og flýta lausn mála. Þá er markmiðið að styðja við heilbrigða og góða viðskiptahætti.

1.2.3 Með fjárhagslegri endurskipulagningu vill bankinn stuðla að bættum fjárhag þeirra viðskiptavina sinna sem eiga sér rekstrargrundvöll. Það er gert með því að koma jafnvægi á virði eigna og greiðslugetu annars vegar og fjárskuldbindinga þeirra hins vegar. Þannig er leitast við að takmarka tjón sem hlotist getur af fjárhagserfiðleikum lífvænlegra fyrirtækja.

### 1.3 Skilgreining og umfang

1.3.1 Með fjárhagslegri endurskipulagningu er hér átt við það þegar endurskipulagning kann að leiða til eftirtjafar skulda eða annarra ívilnana frá gerðum samningum.

1.3.2 Reglurnar eiga við lögmætar kröfur fjármálafyrirtækja, þ.e. kröfur sem njóta réttarverndar að íslenskum eða alþjóðlega viðurkenndum lögum. Telji lántaki kröfu fjármálafyrirtækis ólögmæta skal hann beina ítarlegum rökstuðningi með málsástæðum sínum til viðkomandi fjármálafyrirtækis. Sé niðurstaða fjármálafyrirtækis að krafan sé ólögmæt skal fella kröfuna niður til samræmis við það.

1.3.3 Samhliða þessum reglum vinnur bankinn eftir innri lána- og afskriftareglum bankans sem fjalla um framkvæmd og ákvarðanatöku í einstökum málum. Þá vinnur bankinn í samræmi við þau lög sem um starfsemi hans gilda, sbr. lög um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002, lög um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi nr. 87/1998, lög um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishrunsins nr. 107/2009, samkeppnislög nr. 44/2005, lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2003 og lög um aðgerðir gegn peningapvætti og fjármögnun hryðjuverka, nr. 64/2006.

## 2. HLUTVERK OG SKIPULAG

### 2.1 Lánanefndir bankans

Allar ráðstafanir, sem tengjast fjárhagslegri endurskipulagningu fyrirtækja, eru lagðar fyrir viðeigandi lánanefnd til samþykktar. Lánanefndir hafa umboð stjórnar til að taka ákvarðanir um fyrirgreiðslu og eftirgjöf skulda einstakra viðskiptavina upp að skilgreindum fjárhæðum. Tímabundið hafa verið skipaðar **lánanefndir úrlausnarmála** sem hafa það hlutverk að afgreiða mál er varða fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja. **Lánanefnd bankans** fjallar um mál ef fjárhæðarmörk gera kröfu um slíkt. Lánanefnd bankans hefur yfirumsjón með úrlausnarmálum bankans og á vettvangi hennar er stefna úrlausnarmála mótuð. **Lánanefnd stjórnar** fjallar um mál ef fjárhæðarmörk gera kröfu um slíkt og fer með æðsta vald bankans í útlánamálum.

### 2.2 Fyrirtækjaþjónusta

Fyrirtækjaþjónusta gegnir lykilhlutverki við fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja. Hlutverk sviðsins er að móta ferla og skipulag endurskipulagningarmála í þeim tilgangi að tryggja gegnsæi og jafnræði. Starfsmenn fyrirtækjaþjónustu leiða vinnu stýrihópa við fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja og annast jafnan verkstjórn mála. Þeir skulu sérstaklega gæta þess að mál séu unnin samkvæmt reglum og samþykktum ferlum.

### 2.3 Stýrihópar

Lánanefndir úrlausnarmála skipa stýrihópa um fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja. Stýrihópa stærri fyrirtækja skipa að jafnaði einn fulltrúi af lánasviði og tveir fulltrúar frá fyrirtækjaþjónustu. Stýrihópar minni fyrirtækja skipa að jafnaði einn fulltrúi frá lánasviði og einn frá fyrirtækjaþjónustu. Fulltrúi fyrirtækjaþjónustu fer jafnan fyrir stýrihópnum, ber ábyrgð á framgangi endurskipulagningar og annast verkstjórn. Stýrihópur kallar eftir aðstoð og ráðgjöf annarra sviða þegar þörf er á, t.d. frá fyrirtækjaráðgjöf og lögfræðisviði.

### 2.4 Áhættustýring

Útlánaeftirlit áhættustýringar fylgist með útlánnum og vanskilum og að farið sé eftir útlánareglum bankans.

### 2.5 Umboðsmaður viðskiptavina

Umboðsmaður viðskiptavina heyrir undir bankastjóra og hefur m.a. það hlutverk að gæta þess að bankinn mismuni ekki viðskiptavininum með óeðlilegum hætti, að ferli við endurskipulagningu fyrirtækja og aðrar mikilvægar ráðstafanir sé gegnsætt og skráð og að bankinn gæti að samkeppnissjónarmiðum. Umboðsmaður hefur aðgang að öllum gögnum um úrlausnarmál og hefur heimild til að sitja fundi lánanefnda í úrlausnarmálum. Telji viðskiptavinur eða nýir fjárfestar að sanngirni sé ekki gætt, eiga þeir rétt á að leita til umboðsmanns eftir álit hans. Nái umboðsmaður og starfsmenn bankans ekki saman um úrlausn, skal málinu skotið til stjórnar bankans.

### 2.7 Eignasýslufélög

Bankinn hefur stofnað sérstök eignasýslufélög sem hafa það hlutverk að yfirtaka eignarhluti í fyrirtækjum, atvinnuhúsnæði og aðrar eignir sem bankinn hefur eignast. Komi til þess að bankinn eignist hlutafé í fyrirtækjum í óskyldum rekstri mun bankinn leitast við að selja þann eignarhlut jafnskjótt og hagkvæmt er. Bankinn kann þó að þurfa tímabundið að halda hlutum í fyrirtækjum á meðan verið er að vinna að lausn á vanda þeirra. Eignasýslufélögum er nánar lýst í kafla 8.

### 3. FERLI FJÁRHAGSLEGRAR ENDURSKIPULAGNINGAR

#### 3.1 Lýsing á ferli fjárhagslegrar endurskipulagningar

3.1.1 Ef hefðbundin greiðsluvandaúrræði duga ekki til að leysa úr greiðsluvanda fyrirtækis vísar viðeigandi lánanefnd máli þess til lánanefndar úrlausnarmála. Ef lánanefnd telur fyrirtæki augljóslega ekki lífvænlegt er það sett í fullnustu.


3.1.2 Lánanefnd úrlausnarmála skipar stýrihóp fyrirtækis í samræmi við umfang vandans. Stýrihópur greinir stöðu fyrirtækis í samvinnu við eigendur/stjórnendur og stillir upp tillögu að fjárhagslegri endurskipulagningu þess.

3.1.3 Tillaga stýrihóps að úrlausn er kynnt lánanefnd úrlausnarmála sem tryggir samræmi við afgreiðslumála og gerir athugasemdir telji hún þess þörf. Lánanefnd úrlausnarmála samþykkir endanlega tillögu áður en hún er framkvæmd.

3.1.4 Ef fjárhæðarmörk í málum gera kröfu um aðkomu lánanefndar bankans eða lánanefndar stjórnar þarf einnig samþykki þeirra. Þá skal vísa máli til umfjöllunar lánanefndar bankans eða stjórnar ef tveir fulltrúar lánanefndar úrlausnarmála óska þess sérstaklega.

3.1.5 Stýrihópur hefur umsjón með framkvæmd endurskipulagningar í framhaldi af samþykki lánanefnda.

#### 3.2 Flæðirit yfir skipulag og ferli fjárhagslegrar endurskipulagningar



## 4. FRAMKVÆMD FJÁRHAGSLEGRAR ENDURSKIPULAGNINGAR

### 4.1. Inngangur

Eftirfarandi reglur um framkvæmd fjárhagslegrar endurskipulagningar eru byggðar á sameiginlegum reglum fjármálafyrirtækja um fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja. Bankinn beitir reglunum við fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja til að tryggja samræmi í vinnubrögðum við úrvinnslu mála.

### 4.2. Skilyrði fyrir fjárhagslegri endurskipulagningu

Fyrirtæki í skuldavanda þarf almennt að uppfylla neðangreind skilyrði til að eiga kost á fjárhagslegri endurskipulagningu. Með fjárhagslegri endurskipulagningu er hér átt við það þegar endurskipulagning kann að leiða til eftirgjafar skulda eða annarra ívilnana frá gerðum samningum:

4.2.1 Endurheimtur krafna bankans verði betri eftir endurskipulagningu á skuldum fyrirtækis en við upplausn þess að mati bankans.

4.2.2 Fyrirtæki geti sýnt fram á að sjóðstreymi standi undir greiðslu á skuldum eftir endurskipulagningu. Við mat á fjárhæð skulda eftir endurskipulagningu verði höfð hliðsjón af væntri greiðslugetu, heildarvirði og eignavirði fyrirtækis.

4.2.3 Traust og trúnaður þarf að ríkja í viðskiptasambandi fyrirtækis og bankans. Í því sambandi er m.a. horft á viðskiptasögu fyrirtækisins, eigenda þess og stjórnenda.

4.2.4 Fyrirtækið sýni vilja til samvinnu og veiti bankanum allar nauðsynlegar upplýsingar til að meta grundvöll fyrir fjárhagslegri endurskipulagningu.

4.2.5 Fyrirtæki veiti bankanum heimild til að vinna fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækis í samvinnu við aðra kröfuhafa, þegar við á.

4.2.6 Fyrirtæki veiti bankanum heimild til að framkvæma áreiðanleikakönnun á fyrirtækinu ef ástæða þykir til.

4.2.7 Ekki þyki líklegt að aðrir kröfuhafar muni krefjast gjaldþrotaskipta á fyrirtækinu.

### 4.3. Mat á fyrirtæki

Þegar kannað er hvort skilyrði fjárhagslegrar endurskipulagningar séu uppfyllt leggur bankinn mat á ýmsa þætti sem snúa að rekstri, stjórnun, efnahag og rekstrarumhverfi fyrirtækisins, m.a.:

4.3.1 Eignir og skuldir þar sem m.a. er lagt mat á:  
Verðmæti trygginga og helstu eigna fyrirtækis.  
Möguleika á hagræðingu, t.d. hvort selja megi óarðbærar eignir.  
Skuldir og skuldbindingar fyrirtækisins, þ.m.t. ábyrgðir.  
Tryggingastöðu fjármálafyrirtækis, þar sem m.a. er lagt mat á líftíma eigna og veða sem standa að baki skuldum.

4.3.2 Greiðslugetu þar sem m.a. er lagt mat á:  
Rekstraráætlun, sjóðstreymi og lykilforsendur.  
Áætlun um hagræðingu, t.d. hvort draga megi úr rekstrarkostnaði.

4.3.3 Verðmæti fyrirtækis með hliðsjón af áætluðu sjóðstreymi.

4.3.4 Orðsporsáhættu fyrirtækis og fjármálafyrirtækis af fjárhagslegri endurskipulagningu.

4.3.5 Tengdir aðilar eru metnir heildstætt eftir því sem við á.

#### 4.4 Mat á eigendum og stjórnendum fyrirtækja

Bankinn leggur áherslu á samstarf við eigendur og stjórnendur í vinnu við endurskipulagningu fyrirtækja. Ef fjárhagsleg endurskipulagning leiðir til eftirgjafar skulda eða annarra ívilnana frá gerðum samningum er lagt mat á eigendur og stjórnendur fyrirtækis og mögulega aðkomu þeirra að framtíð þess. Við mat á eigendum og stjórnendum er m.a. horft til eftirfarandi þátta:

4.4.1 Viðskiptasögu eigenda og stjórnenda þar sem m.a. er horft til eftirfarandi þátta:

Hefur almennt verið staðið við samninga viðskiptavinar og bankans?

Hefur upplýsingagjöf almennt verið góð?

Hafa arðgreiðslur og launagreiðslur verið í takt við rekstrarforsendur?

Er rekstrarsaga fyrirtækisins góð þrátt fyrir fjárhagslega erfiðleika?

Hafa samningar og lög verið brotin við meðferð og sölu eigna fyrirtækis?

4.4.2 Samstarfsvilja við framkvæmd endurskipulagningar, þar sem m.a. er horft til eftirfarandi þátta:

Hafa allar nauðsynlegar upplýsingar verið veittar?

Hefur fyrirtækið stuðlað að samstarfi kröfuhafa þar sem við á?

Ríkir almennt traust milli aðila?

4.4.3 Hvort þátttaka þeirra bætur endurheimtur skulda, m.a. með hliðsjón af þessum þáttum:

Hafa þeir færni eða þekkingu sem er verðmæt viðkomandi rekstri?

Hafa þeir viðskiptasambönd sem eru rekstrinum dýrmæt?

Eru þeir handhafar leyfa sem eru rekstrinum verðmæt?

Er staða þeirra samkvæmt samningum slík að endurheimtur fjármálafyrirtækis verði lakari án þeirra?

#### 4.5 Skilmálar í samningum um fjárhagslega endurskipulagningu

Í tengslum við samninga um fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækis kann bankinn að gera kröfur um frekari skilmála og kvaðir á fyrirtæki eftir því sem við á. Þessir skilmálar geta t.a.m. falist í:

4.5.1 Kröfu um eiginfjárframlag eigenda til rekstursins eða til niðurgreiðslu á skuldum fyrirtækis við bankann.

4.5.2 Kröfu um að skuldum sé breytt í eigið fé eða fjármálagerningar gefnir út með breytirétti í hlutafé.

4.5.3 Arðgreiðslubann og takmarkanir á úttektum eigenda.

4.5.4 Takmarkanir á launagreiðslum og öðrum hlunnindum eigenda og stjórnenda.

4.5.5 Takmarkanir á breytingu á stjórn fyrirtækis eða tilgangi þess án samþykkis bankans.

4.5.6 Kröfu um auknar tryggingar fyrir skuldum fyrirtækisins, m.a. í eignum félagsins og sjóðstreymi eða eignarhlut eigenda í fyrirtæki.

4.5.7 Heimild til að skipa fyrirtæki tilsjónarman, ráðgjafa eða óháðan stjórnarmann.

4.5.8 Kröfu um reglulega upplýsingagjöf um rekstur, efnahag og sjóðstreymi.

#### 4.6 Helstu gögn við mat og úrvinnslu mála

Áður en fjárhagsleg endurskipulagning á sér stað gerir bankinn kröfu um eftirfarandi upplýsingar og gögn eftir því sem við á:

- 4.6.1 Staðfestar eða endurskoðaðar upplýsingar um rekstur, efnahag og sjóðstreymi fyrirtækis síðustu ára með skýringum.
- 4.6.2 Fjárhagsáætlun fyrir næstu 3-5 árin sem sýnir áætlaðan rekstrar- og efnahagsreikning og sjóðstreymi ásamt sögulegum rekstrartölum. Einnig yfirlit yfir helstu áhrifaþætti og forsendur áætlana.
- 4.6.3 Sundurliðað yfirlit yfir skuldbindingar fyrirtækisins, þ.m.t. skuldir við fjármálafyrirtæki, aðra lánardrottna og opinbera aðila, eignarleigusamninga og ábyrgðir fyrirtækis og eiganda þess.
- 4.6.4 Fjárfestingaráætlun þar sem skilgreindar eru þær fjárfestingar sem eru fyrirtækinu nauðsynlegar til að viðhalda áframhaldandi starfsemi og ná áætluðum árangri.
- 4.6.5 Upplýsingar um viðskiptasamninga, viðskiptasambönd og tekjuskiptingu, einkum sérþekkingu eða einkaleyfi.
- 4.6.6 Skipurit fyrirtækisins og upplýsingar um stjórnendur.
- 4.6.7 Upplýsingar um tengd félög og viðskipti við tengda aðila, þ.m.t. ábyrgðir.
- 4.6.8 Yfirlit yfir helstu rekstrartengdar eignir.
- 4.6.9 Aldursgreindan lista yfir viðskiptakröfur og viðskiptaskuldir ásamt mati á endurheimtum og stöðu innheimtu.
- 4.6.10 Aldursgreindar birgðir og endurmetið virði þeirra.
- 4.6.11 Veðbókarvottorð eigna, fastafjármuna og lausafjármuna og uppreiknuð staða allra veðskulda.
- 4.6.12 Upplýsingar um breytingar á framsetningu reikningsskila.
- 4.6.13 Ákvarðanir um viðskiptasamninga og tryggingar sem hafa verið teknar á síðustu tveimur árum.
- 4.6.14 Upplýsingar um hvort fyrirtækið standi í málaferlum.
- 4.6.15 Aðrar upplýsingar sem að mati bankans eru taldar skipta máli við mat á grundvelli fjárhagslegrar endurskipulagningar.



## 5. NÁNARI LÝSING Á GREININGU VANDA OG ÚRRÆÐUM

Sjóðstreymismat			
Jákvætt sjóðstreymi		Neikvætt sjóðstreymi	
Mat lagt á skuldastöðu og greiðslubyrði		Mat lagt á rekstrargrundvöll.	
Mat lagt á skuldastöðu og greiðslubyrði	Fyrirtæki getur ekki borið núverandi skuldir.	Rekstrargrundvöllur er mögulegur.	Rekstrargrundvöllur er ekki til staðar
Vaxtagreiðsluúrræði Lánalenging Tímabundin frýsting Skuldbreyting Skilmálabreyting	Vaxtagreiðsluúrræði Lánalenging Tímabundin frýsting Skuldbreyting Skilmálabreyting Nýtt hlutafé Breyta kröfum í hlutafé, víkjandi lán eða umbreytanleg skuldabréf Afskrift Fullnustuleið	Endurskipulagning rekstrar Sala eigna Nýtt hlutafé Breyta kröfum í hlutafé, víkjandi lán eða umbreytanleg skuldabréf Sala fyrirtækis Afskrift Fullnustuleið	Fullnustuleið

### 5.1 Markmið greiningar og úrræða

Nauðsynlegt er að framkvæma greiningu á fyrirtæki og skuldavanda þess áður en hægt er að leggja mat á hvaða úrræði henta hverju sinni. Markmiðið er að niðurstaða endurskipulagningar sé varanleg lausn sem skilar fyrirtækjum sem fara í gegnum fjárhagslega endurskipulagningu heilbrigðum til framtíðar. Niðurstaða fjárhagslegrar endurskipulagningar er útfærð í einum eða fleiri samningum.

Hér á eftir er því lýst nánar hvernig greining á fyrirtæki og skuldavanda þess er framkvæmd og helstu úrræðum sem koma til greina. Listinn er þó ekki tæmandi.

### 5.2 Sjóðstreymismat

5.2.1 Framkvæmt er sjóðstreymismat þar sem horft til þess hvort frjálst fjárflæði (e. free cash flow) sé jákvætt. Frjálst fjárflæði er rekstrarafkoma fyrir afskriftir en eftir að tekið hefur verið tillit til endurfjárfestingarþarfar, greiðslu skatta og breytinga í veltufjárbindingu. Þegar frjálst fjárflæði er jákvætt skapar fyrirtæki fjármuni sem hægt er að verja til greiðslu vaxta, afborgana skulda eða ráðstafa til fjármagnseigenda með öðrum hætti. Jákvætt frjálst fjárflæði er því forsenda þess að fyrirtæki geti greitt af skuldum sínum.

5.2.2 Við mat á sjóðstreymi er horft til rekstraráætlunar sem lögð skal fram af forsvarsmönnum fyrirtækisins. Skulu forsendur áætlunarinnar metnar með hliðsjón af sögulegri afkomu fyrirtækisins samkvæmt endurskoðuðum ársreikningi, breytingum sem kunna að hafa átt sér stað í rekstri þess og horfum í ytra umhverfi fyrirtækisins. Til þess að sjóðstreymi teljist jákvætt er nauðsynlegt að áætlað frjálst fjárflæði fyrirtækisins verði jákvætt á næsta tólf mánaða tímabili.

### 5.3 Jákvætt sjóðstreymi

5.3.1 Ef sjóðstreymismat er jákvætt er lagt mat á skuldastöðu og greiðslubyrði fyrirtækisins og hún borin saman við greiðslupól þess. Áætlað greiðslupól sýnir hversu háa fjárhæð er gert ráð fyrir að fyrirtækið geti greitt í vexti og afborganir á tilteknu tímabili. Þannig er leitast við að meta hversu miklar skuldir fyrirtæki getur með góðu móti borið. Markmið bankans er að laga greiðslubyrði lána að greiðslupóli fyrirtækja með jákvætt sjóðstreymi. Er þá einkum horft til þess að létta greiðslubyrði skulda til skamms tíma. Samtímis er gerð greiðsluáætlun sem tekur til niðurgreiðslu allra skulda fyrirtækisins. Þannig er mikilvægt að ekki sé eingöngu um tímabundna lausn að ræða, heldur áætlun um hvernig skuli draga úr skuldsetningu og tryggja rekstrarhæfi fyrirtækisins til langs tíma.

5.3.2 Sé niðurstaða á mati á greiðslupóli sú að fyrirtæki geti borið núverandi skuldir til lengri tíma, en ráði ekki við núverandi greiðslubyrði, er leitast við að aðlaga greiðslubyrðina að greiðslupóli fyrirtækisins. Meðal þeirra úrræða sem bankinn getur gripið til í því sambandi eru vaxtagreiðsluúrræði, tímabundin frysting lána, skuld- og skilmálabreyting.

5.3.3 Sé niðurstaða úr mati á greiðslupóli sú að fyrirtækið geti ekki borið núverandi skuldir, getur verið nauðsynlegt að beita úrræðum eins og eftirgjöf skulda, breytingu á lánum í hlutafé, víkjandi lánum, umbreytanlegum skuldabréfum eða fullnustuleið.

### 5.4 Neikvætt sjóðstreymi

5.4.1 Ef sjóðstreymismat er neikvætt er lagt mat á rekstrargrundvöll fyrirtækis og metið hvort ráðast þurfi í sértækar aðgerðir til að endurskipuleggja rekstur eða hvort nauðsynlegt sé að leita fullnustuleiða. Fyrirtæki sem er með neikvætt sjóðstreymi getur haft rekstrargrundvöll til lengri tíma litið. Fyrirtæki getur horft fram á samdrátt í eftirspurn sem gerir það að verkum að hagræða þarf í rekstri þess. Sameining fyrirtækis við önnur félög gæti haft í för með sér samlegðaráhrif sem myndu styrkja reksturinn. Fyrirtæki gæti þurft að afla fjár til fjárfestinga til að auka framleiðni í rekstri. Þá þarf að leggja mat á langtímahorfur atvinnuvegarins sem um ræðir og hvort um sé að ræða leiðandi fyrirtæki í viðkomandi atvinnugrein.

5.4.2 Sé talið mögulegt að endurskipuleggja rekstur fyrirtækis þannig að sjóðstreymi þess verði jákvætt telst rekstrargrundvöllur vera til staðar. Þá er leitast við að grípa til þeirra ráðstafana sem taldar eru nauðsynlegar til að treysta rekstur fyrirtækisins. Þau úrræði sem einkum koma til álita eru endurskipulagning rekstrar, sala eigna, nýtt hlutafé, breyting á kröfum í hlutafé, víkjandi lán eða umbreytanleg skuldabréf, eftirgjöf skulda og sala fyrirtækis.

5.4.3 Sé það hins vegar metið svo, eftir að ofangreindar lausnir hafa verið skoðaðar, að ekki sé rekstrargrundvöllur fyrir fyrirtæki, kemur ekki annað til álita en að fara fullnustuleiðina.

### 5.5 Nánari lýsing á úrræðum

5.5.1 Frysting lána er tímabundið úrræði og á við um frestun á greiðslu vaxta og/eða afborgana. Frysting er notuð á meðan á endurskipulagningu stendur eða til að bregðast við tímabundnum skorti á greiðslugetu fyrirtækis. Úrræðið er ekki hugsað til langframa.

5.5.2 Skuldbreyting getur átt sér stað með því að lánum í erlendri mynt er breytt í lán í íslenskum krónum. Skuldbreyting getur einnig falist í því að láni er skipt niður og greitt á mismunandi hraði eða á mismunandi kjörum. Þá getur skuldbreyting falist í lengingu á lánstíma.

5.5.3 Skilmálabreytingar geta verið af ýmsum toga en sem dæmi má nefna breytingar á kröfum um tryggingahlutfall, breytingar á gjaldfellingarákvæðum og auknar kröfur til stjórnenda um upplýsingagjöf (tengist lið 4.5 í reglunum).

5.5.4 Breyting á skuldum í hlutafé er einkum beitt þegar skuldsetning fyrirtækis er nálægt eða meiri en verðmæti fyrirtækis. Í þessu felst að bankinn eignast hlut í fyrirtæki og öðlast tilheyrandi réttindi sem hluthafi. Þessi leið kemur þó aðeins til greina þegar verðmæti eru í því fólgin fyrir bankann að eignast hlut í fyrirtæki.

5.5.5 Víkjandi lán getur komið í staðinn fyrir breytingu á skuldum í hlutafé. Víkjandi lán koma fyrir aftan önnur lán í veðröð og bera því vexti sem eru nálægt ávöxtunarkröfu á eigið fé. Víkjandi lánnum geta fylgt kvaðir, t.d. takmarkanir á fjárfestingum og arðgreiðslum.

5.5.6 Umbreytanleg skuldabréf geta einnig komið í staðinn fyrir breytingu á skuldum í hlutafé. Þeim er hægt að breyta í hlutafé að ákveðnum skilyrðum uppfylltum eða að kröfu bankans. Þessari úrlausn er einkum beitt ef mikil óvissa ríkir um verðmæti fyrirtækis og með henni er bankinn að tryggja hlutdeild í mögulegri verðmætaaukningu fyrirtækis. Almennt fylgja slíkum skuldabréfum svipaðar kvaðir og víkjandi lánnum.

5.5.7 Ef sjóðstreymi félags er neikvætt getur þurft að grípa til endurskipulagningar á rekstri í þeim tilgangi að gera sjóðstreymi jákvætt og fyrirtæki lífvænlegt. Slík endurskipulagning er almennt framkvæmd í framhaldi af ítarlegri greiningu á uppsprettu sjóðstreymis og getur leitt til þess að óhagkvæmum einingum er lokað eða þær seldar.

5.5.8 Sala eigna tengist endurskipulagningu rekstrar. Slík sala getur falist í því að bankinn leysi til sín fasteignir gegn lækkun skulda eða að fasteignir eða tæki sem ekki skapa fjármuni séu seld út úr fyrirtækinu.

5.5.9 Ávallt er gerð krafa um nýtt eigið fé áður en kemur til eftirgjafar á skuldum fyrirtækis. Nýtt eigið fé getur komið frá eigendum eða nýjum fjárfestum sem kallaðir eru að rekstrinum. Geti eigendur ekki komið inn með nýtt eigið fé tekur bankinn sterkari stöðu í fyrirtæki, t.d. í formi hlutafjár, víkjandi lána eða breytanlegra skuldabréfa.

5.5.10 Ef fyrirtæki hefur neikvætt sjóðstreymi getur komið til greina að selja það félagi sem nær fram samlegðaráhrifum sem gera sjóðstreymi jákvætt. Í slíkum tilvikum gætir bankinn sérstaklega að samkeppnissjónarmiðum.

5.5.11 Eftirgjöf skulda er eingöngu beitt ef skuldsetning er meiri en verðmæti félagsins og önnur úrræði duga ekki til að leysa vanda fyrirtækis. Ekki er gert ráð fyrir því að eftirgjöf skulda leiði til jákvæðs eigin fjár eigenda, en hún getur gefið von um að aukið virði fyrirtækis í framtíðinni falli í hlut eigenda.

## 6. AÐFERÐAFRÆÐI OG SJÓNARMIÐ

Bankinn hefur eftifarandi sjónarmið til hliðsjónar við fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja:

### 6.1 Viðskiptaleg sjónarmið og hlutlægni

Við lausn á skuldavanda fyrirtækja eru viðskiptaleg sjónarmið höfð að leiðarljósi og hlutlægni gætt við ákvarðanatöku og ráðstöfun eigna.

### 6.2 Gegnsætt verklag og jafnræði

Bankinn leitast við að hafa verklag eins gegnsætt og völ er á. Í því felst að ákvarðanir um fjárhagslega endurskipulagningu fara í gegnum nákvæmlega skilgreint ferli og allar ákvarðanir eru bókaðar og varðveittar. Farið er eftir sambærilegu ferli og gildir um lánveitingar og áhersla er lögð á hlutlægni við ákvarðanatöku. Samræmdum vinnubrögðum er beitt við úrlausn sambærilegra mála.

### 6.3 Samkeppnissjónarmið

Taka skal tillit til áhrifa endurskipulagningar á samkeppni í samræmi við álit Samkeppniseftirlitsins nr. 3/2008. Í því sambandi skal m.a. leitast við að velja þá leið við endurskipulagningu sem eflir samkeppni eða raskar henni minnst. Þó skal ekki vikið til hliðar augljósum hagsmunum bankans af því að hámarka verðmæti, tryggja hagsmuni bankans og vinna hratt að úrlausn mála. Sjá nánar viðauka I.

### 6.4 Niðurfelling skulda

Ekki er gert ráð fyrir því að niðurfelling skulda breyti neikvæðri eiginfjárstöðu fyrirtækja í jákvæða. Á hinn bóginn er henni ætlað að styrkja efnahag fyrirtækja til lengri tíma. Jafnan er byrjað á að leita vægari lausna á skuldavanda með viðskiptavinum. Skuldir eru ekki felldar niður eða breytt í hlutafé nema önnur úrræði séu fullreynd eða ekki talin líkleg til árangurs.

### 6.5 Innheimta og fullnusta

Meðan á vinnu við lausn á skuldavanda fyrirtækja stendur kann að reynast nauðsynlegt að halda áfram innheimtu skulda til að gæta hagsmuna fjármálafyrirtækis. Með innheimtu er átt við innheimtu samkvæmt innheimtulögum nr. 95/2008 eða löginheimtu samkvæmt réttarfarslögum. Þar sem fyrirsjáanlegt er að greiðslugeta sé engin eða mjög takmörkuð verður ekki séð að önnur úrræði séu tæk en að leita fullnustu í eignum lántaka.

### 6.6 Byggðasjónarmið<sup>1</sup>

Horfa skal til áhrifa endurskipulagningar fyrirtækis á sveitarfélög út frá byggðasjónarmiðum. Ef kostur er skal velja þá leið sem jákvæðust áhrif hefur á atvinnustig og byggðaðþróun.

### 6.7 Góðir stjórnarhættir

Almennt er stuðlað að góðum stjórnarháttum fyrirtækja við fjárhagslega endurskipulagningu þeirra. Bankinn skipar fulltrúa í stjórn félaga sem hann tekur yfir, en að öðru leyti hefur bankinn ekki afskipti af daglegum rekstri félaga í tímabundinni eigu hans. Stefnt er að jafnri stöðu kynjanna við skipun í stjórn fyrirtækja sem bankinn tekur yfir.

### 6.8 Samstarf kröfuhafa

Samstarf er haft við aðra kröfuhafa um úrlausn mála eftir því sem við á, t.d. með beitingu „The London Approach“. Sjá nánar viðauka II.

<sup>1</sup> Þessu ákvæði var bætt inn í reglurnar í framhaldi af breytingu á sameiginlegum reglum fjármálafyrirtækja um fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja þann 5. júní 2010.

## 7. SALA EIGNA SEM BANKINN TEKUR YFIR

Fjármálafyrirtæki getur þurft að taka yfir eignir fyrirtækis eða eignarhlut í fyrirtæki að hluta eða öllu leyti í þeim tilgangi að tryggja fullnustu eigna fjármálafyrirtækisins eða sem þátt í fjárhagslegri endurskipulagningu fyrirtækis. Ávallt er þó stefnt að fjárhagslegri endurskipulagningu án yfirtöku. Komi til yfirtöku hefur bankinn hliðsjón af eftirfarandi sjónarmiðum við sölu yfirtekinna eigna, eftir því sem við á:

- 7.1 Stefnt er að því að selja eignarhluti í fyrirtækjum eins fljótt og hagkvæmt er.
- 7.2 Fyrirtækjaráðgjöf bankans heldur utan um sölufæri eignarhluta í fyrirtækjum. Unnið er í samræmi við 21. og 22. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 og leiðbeinandi tilmæli Fjármálaeftirlitsins nr. 1/2004, þar sem er m.a. lýst tímabundnum heimildum banka til eignarhalds fyrirtækja í atvinnurekstri.
- 7.3 Stefnt er að opnu og gegnsæju sölufæri og jafnræðis meðal fjárfesta.
- 7.4 Í einhverjum tilvikum kunna hagsmunir fyrirtækis og fjármálafyrirtækis að kalla á lokað útboð eða annars konar fyrirkomulag á sölu eigna. Það getur verið vegna ákvæða hluthafasamkomulags eða samþykka um forkaupsrétt, sjónarmiða annarra eigenda, kröfuhafa eða eigenda viðskiptaleyfa, þegar áætlað söluverðmæti réttlætir ekki kostnað við opið útboð eða vegna annarra augljósra hagsmuna fyrirtækis eða bankans.
- 7.5 Ákvörðun um sölu á eignarhlut bankans og aðferð við sölu skal rökstudd og skráð eins og aðrar ráðstafanir tengdar fjárhagslegri endurskipulagningu fyrirtækja.
- 7.6 Við sölu eigna verður höfð hliðsjón af álit Samkeppniseftirlitsins nr. 3/2008 og umræðuskjali Samkeppniseftirlitsins nr. 2/2009 um banka og endurskipulagningu fyrirtækja.

## 8. EIGNASÝSLUFÉLÖG Í EIGU BANKANS

### 8.1 Eignabjarg

8.1.1 Eignabjarg er eignasýslufélag um eignarhluti í fyrirtækjum sem bankinn tekur yfir vegna fjárhagsvanda þeirra. Með stofnun félagsins eru aðskilin hlutverk bankans sem eiganda og lánveitanda fyrirtækis.

8.1.2 Bankinn stefnir að því að selja eignarhluti í fyrirtækjum sem hann yfirtekur eins fljótt og hagkvæmt er.

8.1.3 Markmið Eignabjargs er að hámarka virði eigna félagsins og leggja mat á það hvenær sala þeirra getur farið fram. 8.1.4 Eignabjarg skipar fulltrúa í stjórn fyrirtækja ef eignarhluturinn réttlætir stjórnarsetu.

8.1.5 Eignabjarg stuðlar að góðum stjórnarháttum innan félaga sinna.

8.1.6 Áður en eignarhlutir eru fluttir yfir í Eignabjarg er endurskipulagningu lánamála lokið sem og yfirtöku eignarhalds af hálfu bankans.

8.1.7 Í stjórn Eignabjargs sitja bæði óháðir stjórnarmenn og fulltrúar bankans.

### 8.2 Landfestar

8.2.1 Landfestar er eignasýslufélag um fasteignir í rekstri sem hefur m.a. það hlutverk að yfirtaka atvinnuhúsnæði sem bankinn eignast vegna fjárhagsvanda viðskiptavina sinna. Með stofnun félagsins er rekstur fasteignanna aðskilinn frá annarri starfsemi bankans.

8.2.2 Hlutverk Landfesta er að hámarka verðmæti þeirra fasteigna sem bankinn tekur yfir og um leið takmarka það tjón sem hlotist getur af fjárhagserfiðleikum fyrirtækja.

8.2.3 Landfestar eru faglegt og þjónustumiðað fyrirtæki í fasteignastarfsemi. Áhersla er á atvinnuhúsnæði, sem fyrirtækið

tekur í vörslu sína og þróar, leigir út eða selur þegar hagkvæmt þykir.

8.2.4 Ákvarðanir um sölu og leigu fasteigna eru teknar með það að leiðarljósi að stuðla að virku samkeppnisumhverfi í rekstri fasteigna á Íslandi.

8.2.5 Í stjórn Landfesta sitja bæði óháðir stjórnarmenn og fulltrúar bankans.

8.2.6 Landfestum er ætlað að vera í eigu bankans meðan endurskipulagning fyrirtækja á sér stað og taka við þeim eignum sem bankinn leysir til sín.

8.2.7 Stefnt er að því að selja félagið og/eða eignir þess um leið og hagkvæmt er.

### 8.3 Landey

8.3.1 Landey er eignasýslufélag um fasteignir sem ekki eru tekjuberandi um þessar mundir en verða það mögulega í framtíðinni. Dæmi um slíkar eignir er byggingaland, ófullgerðar íbúðir, jarðir og réttindi þeim tengd.

8.3.2 Hlutverk félagsins er að viðhalda og auka verðmæti eignanna, t.d. með faglegrri þróun og samskiptum við skipulagsyfirvöld.

8.3.3 Í stjórn félagsins sitja starfsmenn bankans.

8.3.4 Markmið félagsins er að halda utan um og þróa eignirnar þangað til viðunandi verð getur fengist fyrir þær í söluferli. Viðunandi verð er meðal annars háð mati félagsins á markaðsaðstæðum.

### 8.4 Landsel

8.4.1 Landsel er eignasýslufélag um fyrirtæki sem ekki eru metin lífvænleg miðað við núverandi rekstrarform og annað hvort fara í fullnustumeðferð eða eru talin geta orðið lífvænleg í framtíðinni. Landsel er einnig eignasýslufélag um lausafjármuni og rekstrartæki sem bankinn kann að eignast við fjárhagslega endurskipulagningu viðskiptavina sinna.

8.4.2 Hlutverk félagsins er að taka yfir rekstur fyrirtækjanna eða þrotabúa þeirra, leggja niður starfsemi þeirra eða leysa til sín einstakar eignir eða safn eigna.

8.4.3 Í stjórn félagsins sitja starfsmenn bankans.

8.4.4 Markmið félagsins er að leiða þróun verkefna með það fyrir augum að hámarka virði einstakra félaga eða lausafjármuna.

## VIÐAUKI I - MEGINREGLUR UM SAMKEPPNISSJÓNARMÍÐ

Í álit Samkeppniseftirlitsins nr. 3/2008 er því beint til bankanna að hafa hliðsjón af neðan greindum meginreglum við ákvarðanir sem geta haft áhrif á framtíð fyrirtækja og samkeppni.

### 1. Efla samkeppni eða raska sem minnst

Eftvær eða fleiri ráðstafanir, sem t.d. tengjast endurskipulagningu fyrirtækja, koma til greina verði sú leið valin sem eflir samkeppni eða raskar henni minnst.

### 2. Forðast fákeppni og óæskileg tengsl

Að ekki sé stofnað til aukinnar fákeppni, eða óæskilegra stjórnunar og eignatengsla á samkeppnismörkuðum, ef hjá því verður komist. Þetta á sérstaklega við á mörkuðum sem gegna lykilhlutverki í atvinnulífinu og/eða þar sem aðgangshindranir eru miklar.

### 3. Nýta svigrúm til aukinnar samkeppni

Að svigrúm til þess að draga úr fákeppni, aðgangs hindrunum, óæskilegum stjórnunar- og eignatengslum eða markaðsráðandi stöðu sé nýtt eftir því sem kostur er. Þannig sé skoðað til lengri tíma litið hvort skynsamlegt geti verið að skipta fyrirtækjum upp fremur en sameina.

### 4. Jafnræði fyrirtækja

Að fyrirtækjum sé ekki mismunað með ómálefnalegum hætti.

### 5. Óháðir starfsmenn

Að rekstur eða fjárhagsleg endurskipulagning tveggja eða fleiri keppnauta, sem eru í viðskiptum við sama banka, sé ekki á hendi sömu aðila á vegum bankans. Jafnframt sé skilið á milli eiganda og þjónustuhlutverks banka. Til dæmis sé haldið utan um mismunandi hagsmuni með stofnun eignarhalds- eða rekstrarfélaga.

### 6. Gegnsæ endursala

Ef fyrirtæki eða eignir þeirra eru boðnar til sölu sé tryggt að allir líklegir kaupendur hafi jafna möguleika á því að gera tilboð og hlutlægni í vali milli kaupenda tryggð. Eftir því sem kostur er skal leitast við að hafa ferlið opið og gegnsætt.

### 7. Aðkoma nýrra aðila inn á samkeppnis markað

Að skapa möguleika fyrir nýja aðila, eftir atvikum erlenda fjárfesta, að koma inn á samkeppnismarkaði, t.d. með kaupum á fyrirtækjum eða eignum.

### 8. Aðkoma nýrra aðila að fyrirtækjum

Að við björgun fyrirtækja sé sérstaklega tekin afstaða til þess hvort skynsamlegt geti verið að skapa svigrúm fyrir aðkomu nýrra aðila að fyrirtækjunum, í því skyni að efla samkeppni. Sem dæmi um þetta má nefna að bankar setji nýtt hlutafé í fyrirtæki, sem feli í sér að hlutdeild fyrri eigenda skerðist eða hverfi.

### 9. Fram fari mat á samkeppnis legum áhrifum ráðstafana

Í tengslum við allar meiriháttar ráðstafanir sem áhrif geta haft á starfsemi fyrirtækja hér á landi fari fram mat á samkeppnislegum áhrifum þeirra. Til að tryggja skilvirkni slíks mats er æskilegt að tilnefndur sé aðili sem þekkingu hefur á samkeppnismálum, til þess að fylgjast með og eftir atvikum taka þátt í ákvörðunum. Æskilegt er að sá aðili sé óháður.

### 10. Gegnsætt verklag og skjölun

Til að tryggja gegnsæi og vinna gegn tortryggni verði ferlið við endurskipulagningu fyrirtækja og aðrar mikilvægar ráðstafanir skrásett, t.d. af þeim aðila sem tilnefndur er skv. 9. lið.

## VIÐAUKI II - LUNDÚNALEIÐ (E. THE LONDON APPROACH)

Sérstök alþjóðleg aðferðafræði, The London Approach, verður höfð til hliðsjónar við úrlausnir fjárhagsvanda fyrirtækja í þeim málum þar sem hún á við. Viðmiðin, sem eru ekki lagalega bindandi, fela í sér leiðir fyrir kröfuhafa til að vinna sameiginlega að því markmiði að aðstoða lífvænleg fyrirtæki sem eru í fjárhagsvanda.

Meginmarkmið þessara viðmiða er að koma í veg fyrir að lífvænleg fyrirtæki verði gjaldþrota vegna deilna eða úrræðaleysis kröfuhafa. Viðmiðin eiga að mynda ramma um úrvinnslu flókinna mála og stuðla að yfirveguðum ákvörðunum í hverju máli, þar sem talið er að hefðbundin réttarfarsúrræði laga henti ekki.

Aðferðin felur meðal annars í sér að ef fleiri en einn banki er í hópi kröfuhafa komi bankarnir og viðkomandi fyrirtæki sér saman um að tilnefna einn banka sem verður leiðandi í samskiptum á milli lántaka og kröfuhafa. Einnig verður leitast við að sammælast við aðra kröfuhafa um að þeir gangi tímabundið ekki að lífvænlegum fyrirtækjum í vanskilum, reynist slíkt forsenda þess að hægt sé að varðveita verðmæti.